



FRÉTTABRÉF VATNSENDASKÓLA

September mánuður er nú liðinn og skólastarfið komið í góðan farveg. Samræmd próf voru í 4. og 7. bekk og gekk allt skipulag í kringum framkvæmd prófanna mjög vel. Nemendur komu til okkar í morgunverð fyrir prófin og var það notaleg stund, börnin sögðust vilja byrja alla daga með þessum hætti.

Allir árgangar voru með námsefniskynningar í mánuðinum og foreldrar nemenda í 1. og 8. bekk komu til okkar á súpufundi þar sem við höfðum meiri tíma til þess að fara yfir vetrarstarfið, en það eru ákveðin tímamót hjá nemendum að byrja í grunnskóla og að hefja nám á unglíngastigi. Það var því gott að geta komið gagnlegum upplýsingum á framfæri og hafa tíma til umræðu um skólastarfið. Stjórnendur munu síðar í vetur eins og á síðasta skólaári halda árgangafundi með foreldrum í öllum árgöngum þar sem við getum átt samræðu um skólastarfið. Einnig minnum við foreldra á að koma góðum hugmyndum á framfæri við okkur og skólaráðið. Markmið okkar er góður skólabragur þar sem öllum nemendum líður vel.

Við vorum með gesti frá Grænlandi hjá okkur í tvær vikur í byrjun september. Nemendurnir komu frá Austurströnd Grænlands, nyrstu héruðum landsins og voru að læra sund og kynnast skólastarfi jafnaldra sinna í 6. Glitrós. Nemendurnir unnu saman verkefni í miðlotunni frá 10:00 til 13:00. Grænlenksu börnin byrjuðu daginn í sundi og fóru síðan aftur í sund eftir hádegisverð hjá okkur. Nemendur í 6. Glitrós kvöddu gesti sína með glæsilegum veitingum síðasta daginn sem þau dvöldu hjá okkur.

**Vatnsendaskóli
er hnetulaus
skóli**

**Skipulagsdagur
verður
föstudaginn 4.
október**

**Nemenda- og
foreldraviðtöl
verða
föstudaginn 18.
október**

**Tilkynna þarf
veikindi
nemenda í síma
441 4000 eða
skrá þau á
mentor.is**

Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is

Föstudaginn 6. september tóku nemendur Vatnsendaskóla þátt í Ólympíuhlaupi Íþróttasambands Íslands. 525 nemendur í 1. til 10. bekk tóku þátt í hlaupinu. Hver hringur var 2,5 km að lengd og máttu nemendur hlaupa eins marga hringi og þeir vildu. Það var mikil stemming og gleði í skólanum þennan dag og stóðu nemendur sig með stakri þryði. Alls hlupu nemendur 2822,5 km sem samsvarar næstum tveim hringjum í kringum landið okkar. Næsta haust stefnum við á að gera enn betur og bæta í þennan kílómetrafjölda.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með formlegum hætti. Vinna með heimsmarkmiðin fór fram í hópi kennara í september. Framundan er vinna með nemendum okkar og hafa nemendur í 3. Sóleyjum þegar tekið umræðu um hvað við getum lagt af mörkum til þess að bæta heiminn. Einnig erum við að sækja um að verða Réttindaskóli UNICEF. Það þýðir að skólinn, frístundaheimilið Stjörnuheimar og félagsmiðstöðin Dimma ætla að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi og kenna nemendum hver þeirra réttindi eru. Markmiðið er að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi, efla jákvæð samskipti, auka þekkingu á mannréttindum og stuðla að gagnkvæmri virðingu innan skólasamfélagsins.

Vinaliðaverkefnið okkar er komið í gang og eru skipulagðir leikir í frímínútum hjá 1. - 4. bekk og 5. - 7. bekk. Vinaliðar skipuleggja ýmsa leiki á skólalóð sem nemendur okkar geta valið að taka þátt í. Farið er í skotbolta, bandý, keilu, körfubolta, verpa eggjum og margt fleira. Vinaliðar eru kosnir af sínum bekkjarfélögum og koma úr 3. til 7. bekk. Verkefnið er nú að hefja annað starfsárið og hefur gengið mjög vel. Vinaliðar fara á námskeið og læra fullt af skemmtilegum leikjum sem þeir kenna síðan nemendum í frímínútum.

Við minnum á skólanámskrá á heimasíðu skólans undir flípanum námið. Þar má lesa um skipulag skólastarfsins, stefnu skólans og námið í hverjum árgangi. Með því að staðsetja bendil á þeim stað í efnisyfirliti sem skoða á og smella, þá opnast skólanámskráin á þeim stað í námskránni, t.d. ef smellt er á 1. bekk, opnast námskráin þar.

Bestu kveðjur,

Starfsfólk og stjórnendur Vatnsendaskóla.

**Vetrarfrí verður
21. og 22.
október**

**Minum á
endurskinsmerki**

**Það er farið að
dimma og
mikilvægt að
börnin sjáist vel í
umferðinni**

**Mentor appið er
hægt að
nalgast bæði
fyrir apple og
android tæki**

**Muna eftir að
vara ávallt með
hjálmm þegar
ferðast er á
reiðhjóli eða
vespu.**

Gildi Vatnsendaskóla
eru virðing, vinátta,
samvinna og skapandi
starf.